

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Staðarbakka í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 13. október 2005, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Staðarbakka, Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 11 frístundahúsalóðum á 20 ha svæði auk 16 ha útivistarsvæðis.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 9. nóvember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2005